

Eftirfarandi umsögn bæjarráðs Hveragerðisbæjar um þingmál nr. 119, frumvarp til laga um orlof húsmæðra var samþykkt á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 16. mars 2017.

Bæjarráð ítrekar fyrri afstöðu vegna þessa máls þar sem ítrekað hefur verið bókað að lög um húsmæðraorlof séu að flestra mati fullkomlega úr takti við nútímann og ekki síður á skjön við gildandi lög um jafnrétti kynjanna. Í Hveragerði er í gildi jafnréttisstefna og eru þessi lög einnig í hróplegu ósamræmi við hana. Því hvetur bæjarráð alþingismenn til að fella löggin um orlof húsmæðra úr gildi.

Virðingarfyllst,
Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar